



Alþingi
Erindi nr. P 128/521
komudagur 5.12.2002

Hollustuvernd ríkisins

ENVIRONMENTAL AND FOOD AGENCY
OF ICELAND

Skrifstofa Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2002
HVR20021100094

Efni: Umsögn Hollustuverndar ríkisins um frumvarp til laga um úrvinnslugjald, 337. mál

1. Almennar athugasemdir

Hollustuvernd ríkisins telur eðlilegt að starfsemi Úrvinnslusjóðs verði hýst hjá Umhverfisstofnun.

Þá vill stofnunin nefna að það er mikilvægt að tryggja að olúsiur sem nú flokkast sem spilliefni eftir notkun, sbr. reglugerð nr. 184/2002, séu með viðeigandi úrvinnslugjaldi strax í upphafi og verði þar, t.d í flokki með olíuvörum sbr. 2. tl. 8 gr. frumvarpsins. Úrvinnslugjald fyrir þær gæti verið t.d. 30 til 50 krónur á hverja síu.

Rökin fyrir því að safna olúsiúum sérstaklega eru að þær innihaldi mikið magn olíu. Með sérstakri söfnun er unnt að tryggja að hver sía verði pressuð þannig að stærstur hluti úrgangsolúunnar sem situr eftir í síunni náist út og fari í viðeigandi förgun. Sú almenna tilvísun sem nú er gefin í athugasemdum með 4.gr. frumvarpsins er ekki fullnægjandi að mati stofnunarinnar.

2. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 2. gr.

Skilgreina mætti endurvinnslu og orkuvinnslu.

Um 8. gr.

Í síðustu málsgrein 8.gr. er vísað til þess að fyrirtækjum og atvinnugreinum sé heimilt að semja sín í milli um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu. Hollustuvernd ríkisins telur þetta mikilvægt ákvæði, en bendir á að ekki eigi að takmarka þetta ákvæði við svartolíu, heldur ætti hér að tilgreina svartolíu og annað fljótandi eldsneyti.


Um viðauka IV

Bæta við eftirfarandi flokk:

8421.2300 --- --- Olíu- eða bensínsíur fyrir brunahreyfla

Virðingarfyllst,
f.h. Hollustuvernd ríkisins


Davíð Egilson
forstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður

Office address:	Postal address:	Telephone:	Telefax:	Internet:	Kennitala:
Ármúla 1a 108 Reykjavík	P.O. Box: 8080 IS-128 Reykjavík	+ 354-585 1000	+ 354-585 1010	www.hollver.is	490882-0149